

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Sent á Skipulagsgátt

Reykjavík, 5. febrúar 2024

## Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023 til kynningar á vinnslustigi

Landvernd minnst hér á nokkur atriði sem máli skipta í greinargerð við aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023 – 2024. Umsögnin er langt frá tæmandi, aðeins er stiklað á nokkrum veigamiklum atriðum.

Landvernd fagnar því að í greinargerðinni er ekki gert ráð fyrir virkjunum í Skjálfandafljóti eða Svartá og að ekki sé gert ráð fyrir nýtingu lands undir vindorkuver í Þingeyjarsveit. Skjálfandafljót og Bárðardalshraun mynda einstaka náttúruheild, friðun svæðisins væri æskileg og Skjálfandafljót í verndarflokki rammaáætlunar. Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss eru mikilvægt aðdráttarafl ferðamanna á svæðinu, eins og fljótið sjálf. Landvernd tekur heilshugar undir niðurstöðu greinargerðarinnar um að marka ekki stefnu um landnotkun vegna vindorkunýtingar innan Þingeyjarsveitar. Eins og segir:

**Lausleg athugun leiðir ljós að mjög takmörkuð svæði koma til greina fyrir vindorkunýtingu í stórum stíl innan Þingeyjarsveitar og telur sveitarstjórn því ekki tilefni til að marka stefnu um landnotkun af því tagi.**

„1.8 Niðurstaða umhverfismats í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif nýrrar stefnu í eftirfarandi málaflokkum: (Bl. 12.)

- Aukin skógrækt
- Fjölgun efnistökusvæða
- Stefna um búsetu í dreifbýli

Þar er tekin saman eftirfarandi niðurstaða: Stefna um skógrækt er verulega jákvæð fyrir loftslag og samfélag og nokkuð jákvæð fyrir lýðheilsu. Skógrækt hefur veruleg áhrif á vistkerfi þar sem hún breytir tegundasamsetningu, tegundafjölbreytni og ásýnd en erfitt að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð. Stefna um efnistöku tryggir gott aðgengi að jarðefnum fyrir þarfir samfélagsins. Áhrif á yfirborð eru óhjákvæmileg en til mótvægis eru sett skýr ákvæði um vandaðan frágang. Þótt stefna um búsetu í dreifbýli leiði til óverulegra neikvæðra áhrifa á vistkerfi, landslag, loftslag og landkosti eru samfélagsáhrifin jákvæð og veruleg. Þau felast einkum í því að auðveldara verður að styrkja byggðina með fjölbreyttri starfsemi og fjölbreyttu samfélagi.“

Landvernd tekur undir niðurstöðu umhverfismats um að áhrif skógræktar á vistkerfi, gætu orðið neikvæð og leggur ríka áherslu á að ekki verði skipulögð skógrækt í sveitarfélaginu með plöntun framandi, ágengra trjátegunda.

Fullyrðing um að stefna um búsetu í dreifbýli geti haft fleiri neikvæð áhrif á vistkerfi, landslag, loftslag, landkosti, landbúnað og samfélag. Þar er að mörgu að hyggja, meðal annars því að þjónusta við mjög dreifða byggð er dýrari og óhentugri í alla staði, en við byggðakjarna.

Skipulagstillagan felur í sér að dreifa megi íbúðarhúsum meðfram þjóðvegum og innan við 300 metra frá virkri atvinnustarfsemi, bæjartorfum og öðrum íbúðarhúsum. Með nýrri stefnu á að "skapa rými" til að taka vel á móti fólki með störf án staðsetningar. "búseta í dreifbýli án beinna tengsla við landbúnað verði álitlegur kostur". "Stefna aðalskipulagstillögunnar er í andstöðu við gildandi landsskipulagsstefnu og við hvítbók um skipulagsmál þar sem áhersla er lögð á að beina vexti byggðar að þeim kjörnum sem fyrir eru .... "

Skipulagstillagan felur í breytt byggðamynstur í Mývatnssveit og aðra ásýnd sveitarinnar. Sýnd eru 3 ný þorp öll á áberandi stöðum. Tvö eru uppi á hæðum/hólum við eða nærri innkomuleiðum í sveitina og eitt er við afleggjarann að Dimmuborgum. Eitt er á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Annað á skógi vöxnu hrauni við Dimmuborgir sem verndað er í náttúruverndarlögum og þétt á milli friðlýstra svæða. Þriðja þorpið ofan við Grímsstaða við hlið Fosshótelins. Að auki er í tillögunni gert ráð fyrir talsverðum vexti byggðar til norðurs, austurs og suðurs ofan við Vogu, á skógi/kjarri vöxnu hrauni með hæsta verndargildi og á vatnsverndarsvæði.

**Vegir og slóðar.** Í skipulagi sveitarstjórna víða um land virðist nú mikill áhugi á að greiða ferðafólki aðgang sem víðast í náttúru landsins, einnig inn á hálendið og um lítið röskuð svæði. Mikilvægt er að þar sé farið með fyllstu varúð. Lögfesting 32. gr. náttúruverndarlaga og setning reglugerðar nr. 260/2018 miðaði ekki að því að sveitarfélög bættu vegslóðum við skipulag, sem ekki eru í vegagögnum Landmælinga Íslands, líkt og vinnslutillagan leggur til. Náttúruverndarsjónarmið eiga að ráða. Hafa skal samráð við náttúruverndarsamtök við gerð vegaskrár og lýsir Landvernd eftir því hvort svo sé og býður fram krafta sína á næstu stigum.

Landvernd varar eindregið við nýjum vegaslóðum sem ekki eru fyrir á skrá Landmælinga Íslands en sagt er í greinargerðinni að gætu gegn mikilvægu hlutverki fyrir aðgang að landinu. En í 32. gr laga um náttúruvernd segir: *"Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúruvafarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa".*

**Víðerni.** Landvernd minnir á þau miklu verðmæti sem felast í víðernum í sveitarfélaginu. Þau þarf að varðveita ósnortin. Óheft ferðaþjónusta kallar á mannvirkjagerð sem ekki samrýmist vernd óbyggðra víðerna. Stór hluti sveitarfélagsins fellur undir þjóðlendur og vonast Landvernd til þess að frekari skipulagsáform innan þjóðlendna í sveitarfélaginu verði mjög takmörkuð og einskorðuð við hálendis ferðaleiðir, merkta slóða og fjallaskála. Og valdi hvorki teljandi raski né sjónmengun.

*Fyrir hönd Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*